

HEILBRIGÐISSTEFNA BJARTRAR FRAMTÍÐAR



BJÖRT FRAMTÍÐ

YNGRI ÁRIN

Björt framtíð leggur áherslu á velferð barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra. Til þess teljum við að þörf sé á aukinni samvinnu allra þjónustuaðila til að styðja við andlega, líkamlega og félagslega heilsu barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra. Björt framtíð leggur áherslu á að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé virtur. Þjónustan þarf að vera samstillt og aðgengileg öllum börnum, ungmennum og fjölskyldum þeirra án tillits til efnahags, þannig bætum við lífsgæði og minnkum sóun. Heilsugæslan hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár bæði hvað varðar mönnun og stefnumörkun. Þetta hefur haft áhrif á samskipti innan kerfis og utan. Mikilvægt er að efla samvinnu heilbrigðisþjónustu, dagforeldra og menntakerfis til að auka lífsgæði og draga úr langvinnum heilsufarsvandamálum barna og ungmenna. Björt framtíð leggur áherslu á að grípa þau tækifæri sem eru sannarlega til staðar til heilsueflingar barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra.

EFRI ÁRIN

Björt framtíð leggur áherslu á mannréttindi aldraðra og aðbúnað aldraðra til sjálfstæðis. Gera á fólki kleift að dvelja heima hjá sér eins lengi og kostur er og hafi jafnframt kost á stofnanadvöl þegar önnur úrræði henta ekki. Samstillt og heildræn aðstoð heim er máttarstólpi þjónustu til aldraðra.

Þjóðin eldist og það er raunhæf og ábyrg stefna að efla getu og sjálfstæði aldraðra til að búa heima eins lengi og kostur er í stað þess að leggja áherslu á byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilalda fyrir allan þann fjölda einsaklinga sem þarf aðstoð í daglegu lífi vegna aldurs. Þjónustu heim þarf að stórelfa og samþætta með áherslu á forvarnir og úrræði við hæfi. Tryggja þarf búsetu á eigin heimili og efla úrræði til þeirra sem þurfa sérhæfða þjónustu eða vistun þar sem þjónusta er í boði allan sólarhringinn. Þannig má auka hagræði, bæta lífsgæði, minnka sóun og draga úr þörf fyrir dýra þjónustu.

BÆTT AÐGENGI

Björt framtíð álítur mikilvægt að heilbrigðisþjónustan tryggi aðgengi að þjónustu og ráðgjöf sem felur í sér fjölbreytilega þjónustu allra heilbrigðisstétta og hæfir einstaklingum best hverju sinni. Áhersla er á forvarnir og meðferð sem miðast við að efla lífsgæði, sjálfstæði, val og ábyrgð hvers einstaklings. Þekking og færni allra heilbrigðisstétta og annarra sem koma að uppeldi og kennslu verði nýtt á markvissan hátt með hagsmuni skjólstæðinganna að leiðarljósi, bæði í stefnumótun og framkvæmd þjónustunnar. Margar vísbendingar eru um að almenningur leiti á marga staði til að leita að réttu þjónustunni. Þetta felur í sér verulegan og óþarfa kostnað og á einkum við þegar um er að ræða almennan heilbrigðisvanda en síður þegar um að ræða bráðatilvik, slys eða áföll. Mikilvægt er að koma á hlutdeild hins opinbera vegna þjónustu sálfræðinga enda er geðheilbrigðisvandi vaxandi hér á landi, t.d. meðal ungmenna.

SJÁLFSTÆÐUR REKSTUR

Björt framtíð styður fjölbreytni í rekstri heilbrigðisþjónustu þar sem saman fara fagmennska og samfélagsleg ábyrgð varðandi skipulag, framkvæmd og rekstur. Brýnt er að líta til reynslu hér á landi og erlendis um hagkvæma og árangursríka heilbrigðisþjónustu sem byggir á samfélagslegri ábyrgð. Samhliða þarf að endurskoða og skerpa reglur og lagalegan ramma um rekstur heilbrigðisþjónustu þannig að meðferð almannaþjárf sé samfélagslega ábyrg. Grundvallaratriði er að heilbrigðisþjónustan sem studd er af almannaþjárf tryggi jafnræði og réttlæti í anda félagslegs velferðarkerfis þar sem tryggt er að almenningur hafi aðgang að grunnheilbrigðisþjónustu með lágmarkskostnaðarpátttöku.

MANNÚÐ OG VIRÐING

Björt Framtíð telur að gera þurfi sérstakar ráðstafanir innan heilbrigðiskerfisins til þess að koma til móts við þarfir jaðarsettra hópa. Sýnt þykir að skaðaminnkandi þjónusta sem kemur til móts við jaðarsetta einstaklinga og hefur mikið forvarnargildi varðandi ýmsa sjúkdóma og bætir líðan og heilsu þeirra sem þjónustunnar njóta. Við viljum með þessu draga úr álagi á bráðadeildir.

Björt framtíð setur sér eftirfarandi markmið í heilbrigðismálum:

- Að allir landsmenn hafi öruggt aðgengi að grunnþjónustu þar sem greiðsluþátttaka almennings er lágörkuð.
- Að grunnþjónustan sé heilsugæsluþjónusta, heimahjúkrun, endurhæfing, bráðaþjónusta sjúkrahúsa og nauðsynleg þjónusta sérfræðinga.
- Að heilsgæslan sé eflid til að geta verið fyrsti viðkomustaður einstaklinga sem leita heilbrigðisþjónustu.
- Björt framtíð telur brýnt að kennarar og hjúkrunarfræðingar nýti lykilstöðu sína til fræðslu og stuðnings fyrir börn og fjölskyldur þeirra ásamt því að greina þörf fyrir aukinn stuðning frá öðrum fagaðilum.
- Að heilbrigðisþjónustan verndi mannréttindi og leggi rækt við frelsi og val hvers og eins um leiðir til að efla heilbrigði og til að takast á við heilsubrest. Heilbrigðisþjónustan styðji við einstaklinga sem eru í viðkvæmri stöðu og/eða búa við misrétti, svo sem börn, ungmenni og aldrað fólk og fatlað fólk.
- Að lögð sé áhersla á heilðræna nálgun viðfangsefna sem snúa að heilbrigði, velferð og lífsgæðum.
- Að nýta hugmyndafræði skaðaminnkunar til að draga úr neikvæðum heilsufarslegum, félagslegum og efnahagslegum afleiðingum vímuefna fyrir neytendur, fjölskyldur þeirra og samfélagið.
- Að tryggja að þjónusta og upplýsingar séu aðgengilegar öllum.
- Að leggja sérstaka áherslu á úrræði fyrir viðkvæma hópa og jaðarsett fólk sem studd eru til sjálfstæðis og virkrar þátttöku í að huga að eigin heilsu og bregðast við heilsubresti.
- Að efla enn frekar samvinnu skóla, heilsugæslu, félagsþjónustu, hagsmunafélaga og notenda varðandi úrræði sem eru í boði.
- Að áhersla sé lögð á að nýta allar leiðir til að efla samráð og samstarf ríkis og sveitarfélaga til að tryggja fólki góða þjónustu.
- Að það sé grundvallar atriði að farið sé vel með opinbert fé þar sem jafnræði, réttlæti og skýrar leikreglur eru höfð að leiðarljósi.
- Að fagnað sé frumkvæði heilbrigðisstarfsfólks og stutt sé við sjálfstæðan rekstur sem lýtur eftirliti með rekstri og gæðum.

Við ætlum að:

- Stefna að því að heilsuefling og forvarnir fléttist inn í öll svið samfélagsins og snúi að öllum hópum innan samfélagsins. Hér er átt við stefnu, lög, reglur, skipulag, umhverfi, fræðslu, ráðgjöf, verslun og þjónustu.
- Vinna að ítarlegri stefnu um innleiðingu hugmyndafræði skaðaminnkandi inngripa og nálgana.
- Tryggja að allir landsmenn hafi aðgang að upplýsingum um þjónustu sem er í boði, bæði á vettvangi heilsugæslu og sjúkrahúsa sem og á vegum annarra fagaðila.
- Nýta úrræði eins og fjarheilbrigðisþjónustu og að hraðað sé framkvæmdaáætlun um fjarheilbrigðisþjónustu.
- Sjá til þess að fyrir liggji mannaflaspá fyrir heilbrigðisþjónustuna hverju sinni og þannig tryggja að heilbrigðisþjónustan búi yfir nægum mannafla til að mæta þörfum skjólstæðinganna.
- Tryggja að starfsumhverfi heilbrigðisstarfsfólks sé gott og að vel sé búið að öllu starfsfólki og því gert kleift að veita góða og örugga þjónustu.
- Efla það sem vel er gert og hvetja til nýsköpunar í heilbrigðisgeiranum.
- Björt framtíð telur brýnt að hrundið sé í framkvæmd aðgerðaáætlun um bættu geðheilbrigðisþjónustu og aðgengi að sálfræðimeðferð fyrir börn og ungmenni.
- Vinna að því að öll stefnumótun sé unnin í samráði við notendur og hagsmunasamtök, tryggja traust og samtal allra aðila.
- Hlifa ættingjum við að verða burðarás í velferðarþjónustinni, heldur efla sjálfstæði einstaklinganna.
- Styrkja markvissari þverfaglega samvinnu heilbrigðisstarfsfólks.
- Tryggja eftirlit Landlæknisembættis með gæðum allrar heilbrigðisþjónustu, tryggja að farið sé eftir lögum og reglum um meðferð almannaþjárfjár.
- Endurskoða og skerpa reglur og lagalegan ramma um heilbrigðisþjónustu til að tryggja að nýta almannaþjárfjár sé samkvæmt almennum reglum og samfélagslegri ábyrgð.
- Virkja framtakssemi og sköpunarkraft einstaklinganna og veita þeim frelsi og sjálfstæði til að virkja eigin þekkingu og starfskrafta.